

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2006, miðvikudaginn 21. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, Reykjavík og hófst kl. 12:30.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri í Reykjavík, Stefán Jón Hafstein, Ólafur F. Magnússon og Haukur Leósson frá Reykjavík, Gunnar Sigurðsson og Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri, frá Akranesi, Páll S. Brynjarsson sveitastjóri Borgarbyggðar, einnig Guðmundur Þóroddsson forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, Hjörleifur B. Kvaran og Hólmsteinn Sigurðsson frá Orkuveitu Reykjavíkur

1. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Hjörleifi B. Kvaran sem fundarstjóra og Hólmsteini Sigurðssyni sem fundarritara.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2005.
3. Lögð fram ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2005 svo og umhverfisskýrsla fyrir sama ár af Guðmundi Þóroddssyni sem gerði grein fyrir helstu framkvæmdum og rekstri. Forstjóri Guðmundur Þóroddsson gerði grein fyrir ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2005.
Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikning fyrir árið 2005 og var hann samþykktur samhljóða.
Fundarmenn þökkðu Alfreð Þorsteinssyni góð störf.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur til eigenda og um meðferð hagnaðar og taps.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 21. júní 2006 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1.462 milljónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2006 á vormánuðum 2007.

Samþykkt er að hagnaði verði bætt við óráðstafað eigið fé.

Samþykkt samhljóða.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga um þóknun til stjórnarmanna.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 21. júní 2006 ákveður að stjórnarlaun ársins 2005 verði 85.000.- kr á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði 25.000.- kr á fund.

Aðalfundur heimilar að greitt verði inn á stjórnarlaun fram að næsta aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

6. Lýst kjöri stjórnar:

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 13. júní 2006 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs.

Aðalmenn:

Guðlaugur Þór Þórðarson, Björn Ingi Hrafnsson, Haukur Leósson, Stefán Jón Hafstein, Ólafur F. Magnússon.

Varamenn:

Björn Ársæll Pétursson, Þorlákur Traustason, Arnar Þórisson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Formaður var kosinn Guðlaugur Þór Þórðarson.

Varaformaður var kosinn Björn Ingi Hrafnsson.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. júní 2006 fór fram kosning í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Aðalmaður:

Gunnar Sigurðsson

Varamaður:

Eydís Aðalbjörnsdóttir

7. Lögð fram tillaga um endurskoðun á reikningum Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt er til að Deloitte h.f. endurskoðunarfyrtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2006.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt var samþykkt að fela nýrri stjórn að bjóða út eða viðhafa verðkönnun um endurskoðun fyrir árið 2007 og næstu ár.

8. Lögð fram tillaga frá Borgarbyggð um að óska eftir áheyrnarfulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Á fyrsta fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar sem haldinn var 15. júní s.l. samþykkti sveitarstjórn samhljóða eftirfarandi tillögu: “Sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps samþykkir að óska eftir áheyrnarfulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.”

Eftir sameiningu sveitarfélaga í Borgarfirði er ljóst að sveitarfélagið Borgarbyggð er eini eignaraðili Orkuveitu Reykjavíkur sem ekki á fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Því telur sveitarstjórn ákaflega mikilvægt að eignast áheyrnarfulltrúa í stjórn, auk þess sem slíkur fulltrúi ætti að geta styrkt annars ágætt samstarf eignaraðila enn frekar.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Borgarbyggðar óska ég hér með eftir því að þessi samþykkt sveitarstjórnar verði tekin fyrir á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 21. júní 2006.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til stjórnar.

Fundi slitið kl. 13:25

Gísli S. Einarsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Páll S. Brynjarsson
Gunnar Sigurðsson